

Íslenska kalkþörungafélagið ehf  
Hafnarteigi 4  
465Bíldudalur

Reykjavík, 27. ágúst 2021  
UST202102-431/H.E.  
08.10.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 14.4.2021, hjá Íslenska kalkþörungafélaginu ehf.**

Þann 14.4.2021 fór fram eftirlit í Íslenska Kalkþörungafélagið ehf. á Bíldudal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfestar voru úrbætur vegna sex eldri frávíka en enn er umgengni á lóð ábótavant.

**Tveimur ábendingum var komið á framfæri í eftirlitinu og þrjú ný frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 4.5 í starfsleyfi og reglugerð nr 851/2002 um grænt bókhald. Skila skal grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert fyrir rekstrarárið á undan. Grænu bókhaldi fyrir 2020 var skilað 20. maí sl. **Þar sem að gögnin hafa borist Umhverfisstofnun telst úrbótum vegna frávikisins lokið.**
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi og reglugerð 990/2008 um ústreymisbókhald. Skila skal ústreymisbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert fyrir rekstrarárið á undan. Ústreymisbókhaldi fyrir 2020 var skilað 20. maí sl. **Þar sem að gögnin hafa borist Umhverfisstofnun telst úrbótum vegna frávikisins lokið.**
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi og reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Olíutunnur voru án viðeigandi lekavarna á lóðinni. Frágangur lóðar skal vera snyrtilegur og engin mengandi efni mega leka í jarðveg. Eldsneyti skal geymt í geymum með lekavörn.

**Umhverfisstofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum í 3. tölulið í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 13.9.2021.**

Virðingarfyllst

Halla Einarsdóttir  
Teymisstjóri

Hulda Soffía Jónasdóttir  
Sérfræðingur